

Samþykkt LN vegna stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat við nefndina

Á grundvelli ákvæða í samkomulagi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélaga og byggðasamlaga um kjarasamningsumboð heimilar nefndin þeim að ákvarða tímabundnar launaviðbætur við gildandi kjarasamninga við Samflot bæjarstarfsmannafélaga, Starfsgreinasamband Íslands, Kjöl og Eflingu- stéttarfélag, frá 29. maí 2005, Starfsmannafélag Suðurnesja frá 9. september 2005 og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis frá 28. október 2005, í samræmi við eftirfarandi:

- a) Að umsamin ný launatenging starfsmats sem taka átti gildi 1. júní 2006 taki gildi fyrr, eða allt frá 1. janúar 2006, eins og sýnt er í dálki A í meðfylgjandi fylgiskjali, dags. 28. janúar 2006.
- b) Að bætt verði við launaflokkum á tiltekin störf í þessari tengingu skv. dálki B í meðfylgjandi fylgiskjali frá sama tíma eða síðar ef sveitarstjórn kýs svo og að lægsti viðmiðunarlaunaflokkur útborgaðra launa verði lfl. 115 eins og sýnt er í dálki B í meðfylgjandi fylgiskjali.
- c) Að bætt verði við mánaðarlegum eingreiðslum allt að sömu fjárhæð fyrir viðkomandi störf og tilgreind er í dálkum C í fylgiskjalinu. Í eingreiðslum þessum eru innifalin orlofslaun og greiðast þær í samræmi við starfshlutfall.

Við sérstakar aðstæður þar sem launamunur er umtalsverður í sambærilegum störfum hjá sveitarfélögum á sama atvinnusvæði er sveitarstjórn heimilt í algjörum undantekningartilvikum að hækka tímabundið skilgreindar eingreiðslur skv. þessum staflíð gagnvart einstökum störfum enda séu gerðar sömu kröfur til þeirra starfa sem borin eru saman. Þetta gildir eingöngu um störf sem hafa skilgreindar eingreiðslur skv. dálkum C.

- d) Að bætt verði við einum launaflokki á tiltekin störf sem ekki fá launahækkun skv. staflíðum b) og c) þ. 1. janúar 2007, sbr. dálk D í meðfylgjandi fylgiskjali.
- e) Að bætt verði við einum launaflokki á tiltekin störf sem ekki fá launahækkun skv. staflíðum b) og c) þ. 1. janúar 2008, sbr. dálk E í meðfylgjandi fylgiskjali.

Ef sveitarfélag nýtir sér þessar heimildir skal þess gætt að núverandi launagreiðslur sem eru umfram gildandi samningsákvæði og byggjast m.a. á sérákvæðum viðkomandi stéttarfélags eða eldri kjarasamningum, s.s. viðbótarlaunaflokkar, persónuálag vegna eldra fyrirkomulags um námskeiðsflokka eða viðbótarpersónuálag vegna eldri ákvæða um slíkt álag, skuli dregnar frá þeirri launaviðbót sem heimildirnar gefa áður en til útborgunar kemur.

Heimildir þessar gilda út samningstíma framangreindra kjarasamninga þ. 30. nóvember 2008 og falla þá viðbótarlaunaflokkar og eingreiðslur á grundvelli þeirra úr gildi án uppsagnar.

Ákvarðanir um nýtingu þessara heimilda skulu teknar af sveitarstjórnnum eða stjórnnum viðkomandi byggðasamlaga.

Lögð er áhersla á að hér er ekki um breytingu á kjarasamningi að ræða og að ekki verði teknar upp viðræður við stéttarfélagið um þessar ákvarðanir.

Samþykkt á fundi Launanefndar sveitarfélaga þann 28. janúar 2006.